

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús, nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr., í rétttri númeraröð:

- 1.21 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1989 frá 15. nóvember 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús, sbr. fylgiskjal 1.21.
- 1.22 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1990 frá 15. nóvember 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús, sbr. fylgiskjal 1.22.
- 1.23 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/2125 frá 2. desember 2021 um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús, sbr. fylgiskjal 1.23.
- 2.28 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/1985 frá 15. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.28.
- 2.29 Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/1986 frá 15. nóvember 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.29.
- 2.30 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2021/2124 frá 2. desember 2021 um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (EB) nr. 765/2006 með tilliti til Belarús, sbr. fylgiskjal 2.30.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 21. desember 2021.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal 1.21.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/1989****frá 15. nóvember 2021****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ⁽¹⁾ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.
- 2) Hinn 24. júní 2021 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2021/1031⁽²⁾, um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ til að innleiða fjölda efnahagslegra hafta, þ.m.t. bann við því að láta stjórn Belarús og opinberum aðilum, fyrirtækjum og stofnunum í Belarús í té tryggingar og endurtryggingar.
- 3) Í þessu samhengi þykir rétt að innleiða tiltekna undanþágu frá banninu við því að láta stjórn Belarús og opinberum aðilum, fyrirtækjum og stofnunum í Belarús í té tryggingar og endurtryggingar.
- 4) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. gr. j ákvörðunar 2012/642/SSUÖ kemur eftirfarandi:

„2. gr. j

1. Lagt er bann við því að láta eftirtöldum aðilum í té váttryggingu eða endurtryggingu:
 - a) stjórn Belarús, opinberum aðilum, fyrirtækjum eða stofnunum eða
 - b) einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrir-mælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í a-lið.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um að láta einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum í Belarús í té lögboðna ábyrgðartryggingu eða ábyrgðartryggingu þriðja aðila þegar áhættan er til staðar í Sambandinu eða um að láta sendiráð eða ræðisskrifstofur Belarús í Sambandinu í té tryggingar.
3. Bannið í 1. mgr. skal ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjttíð. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1031 frá 24. júní 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjttíð. ESB L 224 I, 24.6.2021, bls. 15).

Fylgiskjal 1.22.

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/1990
frá 15. nóvember 2021
um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ(1) um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.
- 2) Hinn 21. og 22. október 2021 samþykkti leiðtoga ráðið ályktanir þar sem það lýsti því yfir að það muni ekki samþykka neinar tilraunir þriðju landa til að beita farandfólki í pólitískum tilgangi, fordæmði allar fjölþáttaárásir á landamæri ESB og staðfesti að það muni bregðast við til samræmis við það. Það lagði áherslu á að ESB muni áfram berjast gegn yfirstandandi fjölþáttaárásum sem stjórnin í Belarús stendur fyrir, þ.m.t. með frekari þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum og lögaðilum, í samræmi við stigvaxandi nálgun sína, eins fljótt og audið er.
- 3) Í ljósi þess hve ástandið er alvarlegt, telur ráðið að breyta ætti viðmiðunum í ákvörðun 2012/642/SSUÖ svo unnt sé að beita markvissum þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skipuleggja eða stuðla að aðgerðum stjórnar Lukashenko sem liðka fyrir ólögmætri för yfir ytri landamæri Sambandsins, eða flutningi á bönnuðum vörum og ólögmætum flutningi á takmörkuðum vörum, þ.m.t. hættulegum vörum, inn á yfirráðasvæði aðildarríkis.
- 4) Því ætti að breyta ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2012/642/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari þeir aðilar sem skráðir eru í viðaukanum sem:

- a) bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Belarús og allir aðilar sem tengjast þeim,
- b) njóta góðs af eða styðja við stjórn Lukashenko, eða
- c) skipuleggja eða stuðla að aðgerðum stjórnar Lukashenko sem liðka fyrir:
 - i. ólögmætri för yfir ytri landamæri Sambandsins, eða
 - ii. flutningi á bönnuðum vörum og ólögmætum flutningi á takmörkuðum vörum, þ.m.t. hættulegum vörum, inn á yfirráðasvæði aðildarríkis.“

- 2) Í stað 1. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn aðila, rekstraraðila og stofnana sem eru á skrá í viðaukanum sem uppfylla einhverjar eftirtalinna viðmiðana:

- a) einstaklingar, rekstrareiningar eða stofnanir sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Belarús og allir einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem tengjast þeim einstaklingum, rekstraraðilum eða stofnunum,
- b) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem njóta góðs af eða styðja við stjórn Lukashenko,
- c) einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem skipuleggja eða stuðla að aðgerðum stjórnar Lukashenko sem liðka fyrir:
 - i. ólögmætri för yfir ytri landamæri Sambandsins, eða

- ii. flutningi á bönnuðum vörum og ólögmaetum flutningi á takmörkuðum vörum, þ.m.t. hættulegum vörum, inn á yfirráðasvæði aðildarríkis,
- d) lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir í eigu eða undir stjórn einstaklinga, rekstrareininga eða stofnana sem falla undir a-, b- eða c-lið.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

(¹) Ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (Stjttíð. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1).

Fylgiskjal 1.23.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2021/2125

frá 2. desember 2021

**um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús**

Viðaukanum við ákvörðun 2012/642/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2021/2125/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list].

Fylgiskjal 2.28.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/1985

frá 15. nóvember 2021

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús (¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006(²) er ákvörðun 2012/642/SSUÖ komið til framkvæmda og einkum kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan aðilum, rekstrareiningum og stofnunum sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Belarús eða njóta góðs af eða styðja við stjórn Lukashenkos.

- 2) Hinn 15. nóvember 2021 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2021/1990⁽³⁾, sem innleiðir viðbótar viðmiðanir svo unnt sé að beita markvissum þvingunaraðgerðum gegn einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem skipuleggja eða stuðla að aðgerðum stjórnar Lukashenko sem liðka fyrir ólögumætri för yfir ytri landamæri Sambandsins, eða flutningi á bönnuðum vörum og ólögumætum flutningi á takmörkuðum vörum, þ.m.t. hættulegum vörum, inn á yfirráðasvæði Sambandsins.
- 3) Þessar breytingar þarf að endurspeglja í reglugerð (EB) nr. 765/2006 svo unnt sé að hrinda banninu í framkvæmd með réttum og samræmdum hætti alls staðar í Sambandinu.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein er bætt við 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2006:

„6. Í I. viðauka skal einnig vera skrá yfir:

- a) einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur tilgreint, í samræmi við c-lið, 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2012/642/SSUÖ að skipuleggi eða stuðli að aðgerðum stjórnar Lukashenko sem liðka fyrir:
 - i. ólögumætri för yfir ytri landamæri Sambandsins, eða
 - ii. flutningi á bönnuðum vörum og ólögumætum flutningi á takmörkuðum vörum, þ.m.t. hættulegum vörum, inn á yfirráðasvæði Sambandsins og
- b) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem ráðið hefur tilgreint, í samræmi við d-lið, 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar 2012/642/SSUÖ að séu einstaklingar, lögaðilar, rekstrareiningar eða stofnanir er um getur í a-lið.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1990 frá 15. nóvember 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Belarús (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 10).

Fylgiskjal 2.29.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/1986

frá 15. nóvember 2021

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Belarús⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006⁽²⁾ er ákvörðun 2012/642/SSUÖ komið til framkvæmda og einkum kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs og bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum eða bælingu borgaralegs samfélags og lýðræðislegrar stjórnarandstöðu, eða sem með starfsemi sinni grafa með öðrum og alvarlegum hætti undan lýðræði eða réttarríkinu í Belarús eða njóta góðs af eða styðja við stjórn Lukashenkos.
- 2) Með reglugerð ráðsins 2021/1030⁽³⁾, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 765/2006 voru innleiddar frekari markvissar efnahagslegar refsiaðgerðir, þ.m.t. bann við því að láta stjórn Belarús og opinberum stofnunum og skrifstofum í Belarús í té tryggingar og endurtryggingar.
- 3) Hinn 15. nóvember 2021 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2021/1989⁽⁴⁾, um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ og innleiðingu á tilteknum undantekningum frá banni við því að láta stjórn Belarús og opinberum stofnunum og skrifstofum í Belarús í té tryggingar og endurtryggingar, í því skyni að komast hjá ófyrirséðum afleiðingum.
- 4) Tilteknar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er löggjöf á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd, til að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. gr. I reglugerðar (EB) nr. 765/2006 kemur eftirfarandi:

„1. gr. I

1. Lagt er bann við því að láta eftirtöldum aðilum í té váttryggingu eða endurtryggingu:
 - i. stjórn Belarús, opinberum aðilum, fyrirtækjum eða stofnunum eða
 - ii. einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar er um getur í i. lið.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um að láta einstaklingum, rekstrareiningum eða stofnunum í Belarús í té lögboðna ábyrgðartryggingu eða ábyrgðartryggingu þriðja aðila þegar áhættan er til staðar í Sambandinu eða um að láta sendiráði eða ræðisskrifstofum Belarús í Sambandinu í té tryggingar.
3. Bönningin í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir voru fyrir 25. júní 2021 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru fyrir efndir slíkra samninga.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2021.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

J. BORRELL FONTELLES

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2021/1030 frá 24. júní 2021 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtið. ESB L 224 I, 24.6.2021, bls. 1).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/1989 frá 15. nóvember 2021 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Belarús (Stjtið. ESB L 405, 16.11.2021, bls. 8).

Fylgiskjal 2.30.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2021/2124

frá 2. desember 2021

**um framkvæmd 8. gr. a(1) reglugerðar (ESB) nr. 765/2006
um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús**

I. viðauka við reglugerð 765/2006/ESB skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.
(Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/2124/oj.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2022